

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 20. október 2008

Staðan á gjaldeyrismarkaði

Fátt hefur dregið til tíðinda hvað varðar stöðuna á gjaldeyrismarkaði frá því fyrir helgi. Temprun gjaldeyrisútlæðis er enn við lýði og bankarnir þrír - Glitnir, Landsbanki og Kaupþing - geta því enn ekki afgreitt erlendar greiðslur nema í sérstökum undantekningartilfellum. Sparisjóðabanki Íslands (áður Icebank) getur aftur á móti afgreitt erlendar greiðslur í flestum myntum. Þá kaupir Sparisjóðabankinn einnig gjaldeyri og selur, en þó í takmörkuðu mæli.

Ástand þetta er óviðunandi og ítrekar Viðskiptaráð að strax verði gripið til aðgerða til að greiða úr þessum vanda. Mjög brýnt er að utanríkisviðskipti komist sem allra fyrst í eðlilegt horf. Að mati Viðskiptaráðs er hér um algert forgangsmál að ræða.

Viðskiptaráð minnir á skjal sem aðildarfélög geta notfært sér við að útskýra stöðu mála á gjaldeyrismarkaði gagnvart erlendum hagsmunaaðilum. Skjalið er á ensku og það má nálgast [hér](#).

Brýnt að hefja samstarf við IMF

Ljóst er að íslenska ríkið þarf utanaðkomandi aðstoð til að greiða úr þeim vanda sem upp er kominn, ekki síst vegna þess ófremdarástands sem nú ríkir á gjaldeyrismarkaði. Viðskiptaráð telur í þessu sambandi brýnt að komast tafarlaust að samkomulagi um aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Samstarf við IMF mun auka trúverðugleika Íslands út á við og veita landinu aðgang að lánalínum frá fleiri aðilum. Líta má á aðkomu IMF sem einskona heilbrigðisvottorð fyrir Ísland.

Í dag hafa borist fréttir erlendis frá þess efnis að íslenska ríkið eigi nú í lokaviðræðum við IMF. Endanleg upphæð lánsins, auk þeirra skilmála sem því munu fylgja, virðast aftur á móti ekki liggja fyrir. Engu að síður fagnar Viðskiptaráð þessum fréttum.